

EFTIRLITSSKÝRSLA

Atlantsolía Hafnarfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	17.11.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Fyrirtæki	Atlantsolía	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Lónsbraut 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590602-3610	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Albert Valur Albertsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarki Kristjánsson	Staðsetning	354728,781 399121,086

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í olíubirgðastöð Atlantsolíu í Hafnarfirði. Eitt frávik kom fram í eftirlitinu er varðar skráningar á þjálfun starfsmanna. Engin ábending var gerð í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í síðasta eftirliti þar sem umhverfismarkmiðum fyrirtækisins hafði ekki verið skilað til eftirlitsaðila. Búið var að bæta úr því.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar. Samkvæmt gr. 4.3 starfsleyfi á að gera mælingar á gufuendurnýtingarbúnaði árlega. Þar sem bensingeymir stöðvarinnar er með fljótandi þaki er ekki þörf á gufuendurnýtingarbúnaði á honum, skv. gr. 3.5, en gufuendurnýtingarbúnaðurinn er tengdur við áfyllingu bíla. Virkni búnaðarins var mæld þann 23. til 24. ágúst 2018. Niðurstöður þeirrar mælingar sýna að klukkustundar gildið fyrir uppgufað bensín var 0,04 g/Nm³ en það má ekki fara yfir 35 g/Nm³ samkvæmt starfsleyfi. Fram kom í eftirlitinu að til stæði að endurnýja dælu í búnaðnum á næstunni.

Aðrar mælingar hafa ekki verið gerðar frá síðasta eftirliti. Þrýstiprófa skal neðanjarðarlagnir á fimm ára fresti en það var gert 2015. Olíugeymar skulu mældir á tíu ára fresti en það vra gert 2010 og 2011. Olíu skal mæla í fráveitu að minnsta kosti á þriggja ára fresti en það var gert 2017. Samkvæmt starfsleyfi skal prófa lekavarnir á að minnsta kosti 10 ára fresti en síðastliðið árið hefur verið unnið að viðgerðum á malbiki í lekaþró. Eru fyrirhugaðar frekari lagfæringar á svæði milli díselolíugeyma.

Rætt var í eftirlitinu um skráningar skv. gr. 4.1. Þar kemur fram að halda eigi skráningar yfir þjálfun starfsmanna en slík skráning hefur ekki farið fram. Telst það því frávik frá grein 4.1.

Skv. gr. 3.3 á fyrirtækið að fylgjast með árlegur heildartapi bensíns í stöðinni, fram kom í eftirlitinu að þessir útreikningar væru til og yrðu þeir sendir til Umhverfisstofnunar.

Rætt var í eftirlitinu um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir yfirfyllingu geyma skv. gr. 3.9 og kom fram að bæði er notaðst við ákveðið verklag og hæðarnema þannig að litlar líkur eru á að geymar yfirfyllist.

Var gengið um svæðið og aðstæður skoðaðar. Umgengni var til fyrirmyndar.

Frávik frá

Lýsing á frávik

Grein 4.1

Samkvæmt grein 4.1 á að halda skráningar yfir þjálfun starfsmanna. Hefur það ekki verið gert.

- 1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.12.2018



Sverrir Aðalsteinn Jónsson

